



Laufblaðið

FRÉTTABLAÐ SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

1. árg. 2010 1. tbl.

Ný vefsíða
Skógræktarfélags Garðabæjar
www.skoggb.is

Á afmælisári

Vorið í trjánum

Opið hús skógræktarfélaganna

Lesið í vindinn

Íslensk gæðamold

Viltu fá Laufblaðið rafrænt?

Sumarhús
Skógræktarfélags
Mosfellsbæjar brennur

Merkileg tré í Reykjavík

Aðalfundir skógræktarféлага

Fræðsluferð til Færeyja í haust

Skógarskáli í Brynjudal

Skógarfuglinn rjúpa

Barnahornið



Síðan formlega opnuð á aðalfundi Skógræktarfélags Garðabæjar (Mynd: BJ).

Ný vefsíða Skógræktarfélags Garðabæjar www.skoggb.is

Skógræktarfélag Garðabæjar hefur nú starfað í rúmlega tuttugu ár og stjórn þess taldi félagið komið á það þroskastig að halda úti eigin vefsíðu til upplýsinga fyrir félagsmenn og fræðslu um félagið. Hingað til hefur félagið notið velvildar með tilkynningar o.p.h. á vefsíðum Skógræktarfélags Íslands (S.Í.) - www.skog.is og ekki síður Garðabæjar - www.gardabaer.is.

Ungur Garðbæingur, Magnús Guðlaugsson, setti upp vefsíðuna í svokölluðu Joomla kerfi. Í vetur hefur stjórn félagsins valið efni til birtingar á síðunni og lagt í það talsverða vinnu.

Um er að ræða fjölbætt efni auk *forsíðu* — um *félagið*, *svæðin*, *félagsstarf*, *myndaalbúm*, *skýrslur*, *hafa samband o.s.frv.* Þetta er hefðbundin uppröðun og tekið er mið af vef S.Í. Markmiðið er að kynna skógræktarsvæðin í umsjón félagsins og draga fram helstu áherslur hvers fyrir sig, félögum og öðru útivistarfólki til fróðleiks. Á síðunni „*félagsstarf*“ er að finna upplýsingar um innra starf félagsins, s.s. um vinnu- og

samverukvöldin á þriðjudagskvöldum í maí og júní, fundi, fræðslukvöld og hinar vinsælu haustferðir. „*Verkefni*“ er sami málaflokkur og á vef S.Í., þar sem leitast er við að kynna félagsmönnum almennt hver helstu verkefni S.Í. eru á landsvísu og ekki síst hver aðkoma Skógræktarfélags Garðabæjar er að þeim. *Myndaalbúmið* er veglegt, þó þar séu einungis brot úr myndasafni formanns, m.a. nokkrar úr öllum haustferðunum. Undir „*skýrslur*“ er margt áhugavert efni, s.s. árlegar gróðursetningar frá upphafi félagsins 1988, fuglatalningaskýrsla um mófugla á skógræktarsvæðum félagsins og myndasafn sem tekið var saman í til efni 20 ára afmælis félagsins. Að lokum gefst gestum síðunnar kostur á að „*hafa samband*“ við félagið og „*gerast félagi*“.

Þetta hefur verið ánægjuleg vinna og jafnframt naflaskoðun á rúmlega tuttugu ára starfsemi félagsins.

Erla Bil Bjarnardóttir,
formaður Skógræktarfélags Garðabæjar

Skógræktarfélag Íslands var stofnað þann 27. júní árið 1930. Þá hafði skipuleg skógrækt verið stunduð í landinu í rúm 30 ár en upphaf hennar er einmitt rakið til þess þegar plantað var innan girðingar á Þingvöllum í einn hektara lands annars vegar og hins vegar var stofnuð trjáræktarstöð á Akureyri. Þar voru við fyrstu sáningu notuð fræ frá Noregi og úr Vaglaslógi. Þetta var árið 1899.

Lengi höfðu menn reynt ýmsar aðferðir við trjárækt hér á landi en ekki haft erindi sem erfiði. Landið var að mörgu leyti harðdrægt fyrir plöntur sem áttu erfitt með að skjóta rótum en einnig mátti kenna mönnum um hversu skógar höfðu eyðst því skepnum var lofað að gæða sér á gróðrinum hindrunarlítið.

En um aldamótin 1900 urðu miklar breytingar sem leiddu af sér aukinn skilning á skógrækt enda voru nú komnir hér til starfa sérmenntaðir menn í þessum fræðum, bæði íslenskir og erlendir. Við þeim og öðru áhugafólki um trjárækt og landgræðslu blasti nú ögrandi viðfangsefni. Það var að efla þekkingu, áhuga og vilja landsmanna til skógræktar. Mátti ljóst vera, þá eins og nú, að



Á afmælisári

slíkt viðfangsefni krefst þolinmæði og þrautseigju enda spretta tré ekki upp úr jörðinni eins og gorkúlur.

Það liðu 30 ár frá því frumherjarnir gróðursettu fyrstu plönturnar og sáðu í nægilega frjóan og afgirtan svörð þar til þær voru orðnar svo stórar að þær vöktu almenna eftirtekt. Þá gerðu sífellt fleiri sér grein fyrir að markmiðið væri jafnvel raunhæft – að rækta mætti skóga á Íslandi. Og nógu göfugt þótti þetta starf til þess að á sjálfri Alþingishátíðinni á Þingvöllum árið 1930 var Skógræktarfélag Íslands stofnað. Raunar var annað félag með sama nafni stofnað á Akureyri fyrr um vorið – sem telja má merki um þá grósku, og kapp vissulega, sem nú var hlaupin í íslenska ræktunarmenn.

Skógræktarfolk gerði sér vel grein fyrir hvernig best væri að nýta ræktunina til þess að verja landið, hefta uppblástur og hindra umferð búfjár um viðkvæm skógræktarlönd. Bera fyrstu verkefni félagsins skýr merki um það. Árangur aldamótamanna varð öðrum hvatning. Nú voru stofnuð skógræktarfélag víða um land og árið 1946 var Skógræktarfélag Íslands orðið að sambandsfélagi fyrir skógræktarfélögin í landinu. Og smám saman hefur flestum þessum félögum vaxið fiskur um hrygg og hefur verið ráðist í ýmiskonar átaksverkefni og önnur viðfangsefni til að efla skógrækt á Íslandi. Má þar til dæmis nefna Landgræðsluskóga, umfangsmikið skógræktaráttak sem félagið átti frumkvæði að á 60 ára afmæli þess og unnið hefur verið að síðan ásamt Skógrækt ríkisins, Landgræðslu ríkisins og landbúnaðarráðuneyti.

Nú starfa margir íslenskir bændur

við skógrækt í landshlutabundnum verkefnum og Skógræktarfélag Íslands hefur í samstarfi við skógræktarfélög víðs vegar um landið unnið að opnun nokkurra skóga sem henta vel til útivistar. Verkefnið Opinn skógur hefur notið vinsælda og mun vonandi stuðla að því að sífellt fleiri gangi til liðs við skógræktarfolk með þátttöku í skógræktarfélagum, trjárækt og landgræðslu í víðasta skilningi þess orðs. Þá eru ótaldir allir þeir sem heima í gördum sínum eða í sumarbústaðalöndum njóta þess að vera í milliliðalausum samskiptum við íslenska náttúru, planta trjám, hlúa að þeim og njóta þess að sjá þau vaxa og dafna. Því trén eru lifandi verur. Hafa sinn eigin sérstaka persónuleika. Geta verið kenjött og uppátækjasöm. Krefjast athygli og umhyggju. Sumir telja jafnvel að tré skynji hugsanir. Í það minnsta þykir þeim gott að láta tala við sig. En það er önnur saga.

Við fögnum nú 80 ára afmæli Skógræktarfélags Íslands. Við getum verið stolt af þeim góða árangri sem náðst hefur á þeim tíma. Sífellt fleiri trjátoppar hafa náð að gægjast upp yfir þúfukolla og verkefni okkar núna er að halda áfram á sömu braut. Með ýmsum hætti getum við hvatt til aukinnar ræktunar, ekki síst með því að miðla þekkingu og beita þeim rökum sem tiltæk eru um gæði og gagnsemi skógræktar fyrir lýð og land. Opinn skógur getur laðað að sér nýja félaga og bandamenn á þessari vegferð. Það er til dæmis sameiginleg upplifun okkar margra að við höfum skynjað töfra skógarins í ilmi og fuglasöng, í gróandanum sem þrífst í skjóli trjánna og í þeim lífsgæðum, kyrrð, jafn-

vægi og fegurð sem slíkt umhverfi elur af sér. Og okkur langar til þess að deila þeirri reynslu með öðrum. Líkt og Ólafur Jóhann Sigurðsson segir í ljóði sínu, *Í skógi*.

Í skólunum er sífellt meiri umræða og kennsla um umhverfið, um sjálfbært samfélag, um gildi þess að viðhalda gæðum landsins og bæta þau. Allar þessar leiðir verðum við

að virkja og finna um leið nýjar og fleiri. Það, ásamt því að planta fleiri trjám og hlúa að íslenskum skógum almennt, verður verkefni okkar og þeirra sem í sporin okkar ganga, næstu 80 árin.

Ég færi skógræktarfolki öllu alúðarþakkir fyrir vel unnin störf.

Magnús Gunnarsson

Í skógi

Þá dögghahelgi hljómur enginn rauf,
og hvarmar ungra blóma saman lukust,
en blær af fjalli bærði hin votu lauf
sem blítt og mjúkt við hendur mínar strukust.

Hjá lyngi og björk um bjarta sumarnótt,
sem bláa hulu óf að lágum viði
og svæfði allt svo undarlega rótt,
átti ég gestur von á mildum friði.

En hjartað nam úr fjarska fornan óm
sem flaug að trjánnum gegnum þögn og tóm:
það var sem blóð mitt rynni að einum ósi.
Hvert lauf, hvert blóm og ilmgras áttir þú
sem yfir djúp míns trega spenntir brú
og gæddir myrkrin leyndardómsins ljósi.

Vorið í trjánum

Ekki er hægt að segja að veturinn hafi farið illa með íbúa suðvesturhorns-ins, því veður er búið að vera eindæma hlýtt og gott það sem af er árs og daga með snjó má næstum telja á fingrum annarrar handar. Það hafa því mörg tré og runnar sett sig snemma í vörgirinn og hefur meira að segja frést af víði sem kominn var með rekla fyrir jól! Þó nokkur dæmi mátti finna um tré sem byrjuð voru að blómstra í febrúar og fjöl-gar nú næstum því daglega þeim trjám sem taka á sig græna sliku í undirbúningi fyrir sumarið.



Blóm keisararunna í Fossvoginum – að fullu út sprungin um miðjan febrúar (Mynd: RF).



Reklar á elitré í Teigahverfinu í Reykjavík, einnig í febrúar (Mynd: RF).

Laufblaðið

Fréttablað, 19. árgangur 1. tölublað 2010.
Laufblaðið er sent endurgjaldslaust til allra félagsmanna í skógræktarfélagunum.
Með því að gerast félagsmaður í skógræktarfélagi færð þú Laufblaðið og Frækornin send heim reglulega.

Útgefandi:
Skógræktarfélag Íslands
Skúlatúni 6, 105 Reykjavík
sími: 551-8150
heimasíða: www.skog.is

Ritstjóri:
Ragnhildur Freysteinsdóttir.
Ábendingar og upplýsingar varðandi efni blaðsins eru vel þegnar.

Prófarkalestur:
Ragnhildur Freysteinsdóttir umhverf-isfræðingur.

Ábyrgðarmaður:
Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri.

Umbrot og prentun:
Ísafoldarprentsmiðja.

Stjórn Skógræktarfélags Íslands kjörin á aðalfundi 2009:
Magnús Gunnarsson formaður,
Sigrún Stefánsdóttir varaformaður,
Guðbrandur Brynjúlfsson gjaldkeri,
Aðalsteinn Sigurgeirsson ritari.

Meðstjórnendur:
Gísli Eiríksson
Gunnlaugur Claessen
Þuríður Yngvadóttir.

Varamenn:
Páll Ingbór Kristinsson
Rannveig Einarsdóttir
Vilhjálmur Lúðvíksson.

Eftirtalin fyrirtæki eru aðalstyrktaraðilar Skógræktarfélags Íslands



Allir lesa Laufblaðið!



(Mynd: RF).

Alltaf þegar Tryggur, sérlegur ráðgjafi forstöðumanns Rannsóknastöðvar skógræktar, Mógilsá, kemur í heimsókn til Skógræktarfélags Íslands gluggar hann í Laufblaðið til að kynna sér hvað er í gangi hjá skógræktarfélagunum!
Lesendur eru hér með hvattir til að senda inn skemmtilegar myndir undir þessari fyrirsögn. Ekki er farið í manngreinaralit með fyrirsætur, heldur er æskilegt að þær séu sem fjölbreytilegastar hvað varðar stærð, þyngd, litarhaft, hárþrýði, kyn eða tegund! Sendið mynd, nafn ljósmyndara og nafn fyrirsætu til ritstjóra á netfangið rf@skog.is.



Margt áhugavert kom fram í erindi um rannsókn á virði Heiðmerkur, en Heiðmörk er allt í senn – vatnsverndarsvæði, fjölbreytt útivistarsvæði og vöxtulegt skóglendi. Hér sést Elliða-vatnsbærinn og hluti Heiðmerkur úr lofti (Mynd: BJ).

Opið hús skógræktarfélaganna

Opin hús skógræktarfélaganna hafa verið haldin um árabíl. Á Opnum húsum eru haldin fjölbreytt og áhuga-verð erindi um hvaðeina er lýtur að skógrækt og getur komið áhugafólki um skógrækt vel. Hafa þau vanalega verið haldin síðla vetrar og verið 2-4 talsins. Eru Opnu húsin óvenju mörg í ár, í tilefni 80 ára afmælis Skógræktarfélags Íslands - alls sex talsins. Voru þau haldin á hálfmánaðar fresti í fundarsal Arion-banka að Borgartúni 19.

Fyrsta Opna hús ársins var haldið þriðjudaginn 9. febrúar. Brynjólfur Jónsson, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands fjallaði þar um fræðsluferð sem Skógræktarfélag Íslands stóð fyrir til Noregs haustið 2009, en hún var farin í tilefni þess að



Jón Guðmundsson segir frá eplatrjám (Mynd: RF).

60 ár voru liðin frá því Skógræktarfélag Íslands stóð fyrst fyrir fræðsluferð á erlenda grundu, sem var einmitt til Noregs. Fór Brynjólfur einnig stuttlega yfir sögu þessarar ferða.

Þriðjudaginn 23. febrúar var röðin komin að Herdís Friðriksdóttur skógfræðingi og Einari Sæmundsen, upplýsingafulltrúa Þingvallahjóðgarðar, að segja frá skógum og þjóðgörðum á Nýja-Sjálandi, en þau dvöldu þar í um tvo mánuði, er Einar var að kynna sér rekstur þjóðgarða þar.

Þann 9. mars kynntu Daði Már Kristófersson, lektor í náttúruauðlindahagfræði hjá Háskóla Íslands og Kristín Eiríksdóttir doktorsnemi rannsókn sem gerð var á virði Heiðmerkur. Laut rannsóknin að mati á þeirri þjónustu sem vistkerfi veita samfélaginu og voru notaðar mismunandi hagrænar aðferðir við að meta einstaka þjónustuþætti Heiðmerkur.

Þriðjudaginn 23. mars fjallaði Jón Guðmundsson, garðyrkjufraeðingur á Akranesi, um ræktun eplatrjáa hér á landi, sem og annarra ávaxatrjáa (pera og kirsuberja) sem reynslan sýnir að pluma sig í ræktun hérlandis.

Þann 6. apríl fjallaði Bjarni Diðrik Sigurðsson, brautarstjóri Skógfræði og landgræðslu við Landbúnaðarháskóla Íslands, um kolefnisbindingu, en það málefni hefur verið talsvert í umræðunni að undanfögnu, í sambandi við losunarheimildir kolefnis.

Síðasta Opna húsið, þann 20. apríl, er tileinkað líffræðilegum fjölbreytileika, en í ár er einmitt alþjóðlegt ár helgað því. Þróstur Eysteinnsson, Skógrækt Ríkisins og Snorri Baldursson, Náttúrufræðistofnun Íslands fjalla um hugtakið líffræðilegan fjölbreytileika, bæði almennt og í samhengi skóga.



Eins og sjá má geta hin myndarlegustu epli vaxið hér á landi, eins og kom fram í fyrirlestri Jóns (Mynd: RF).

Lesið í vindinn

Skógfræðingurinn, Íslandsvinurinn og sekkjapípuleikarinn Alexander „Sandy“ Robertson er mörgu skógræktarfolki hér að góðu kunnur, enda komið margoft hingað til lands, meðal annars til námskeiðahalds. Fyrir nokkru opnaði hann vefsíðuna Wind and Landscape (www.windandlandscape.com), en samspil vinds, landslags og skóga hefur verið eitt aðal rannsóknarefni hans í gegnum tíðina. Á síðunni er margvíslegur fróðleikur um helstu áhugamál og viðfangsefni Sandys. Má þar meðal annars finna efni á íslensku - Lesið í vindinn, en það er íslensk útgáfa á samsafni skyggna um vind og landslag, þar sem fjallað er um hinar ýmsu hliðar vinds og samverkun hans við landslag, áhrif veðurfars, skjólmyndun, uppbyggingu skjólbelta, hönnun í sátt við umhverfið og líf- og jarðfræðilegan fjölbreytileika. Er hér um fjársjóð fróðleiks að ræða, fyrir alla sem kljást við skógrækt í vindasömum löndum, eins og Ísland getur vissulega verið.



(Mynd: BJ).

Íslensk gæðamold

Upp á síðkastið hefur kastljósið beinst meira að íslenskri framleiðslu og afurðum í hinu víðasta samhengi, enda skapar íslensk framleiðsla atvinnu innanlands auk þess sem ýmsar innfluttar vörur hafa hækkað töluvert í verði frá því sem var.

Ein vara sem lítið hefur borið á í umræðunni hingað til, en er áhugaverð fyrir trjá- og skógræktendur, er Flúðamold. Flúðamold er vistvæn íslensk mold, unnin úr rotmassa sem notaður er til sveppaframleiðslu, ásamt vikur og mólmold. Rotmassinn leggur til mikið af góðum næringarefnum, en uppi-

staðan í honum er búfjáráburður (skítur), hálmur, kalk og vatn. Eftir að búið er að rækta sveppina er massinn látinn standa úti til moltunar og svo er honum blandað við Hekluvikur og íslenska mólmold frá Hvítárholti til að búa til Flúðamoldina.

Rotmassinn hefur reynst vel sem áburður á tún (en þar getur hann sparað töluverðar fjárhæðir miðað við innfluttan áburð), við kornrækt, strandeyrrækt og í almennti garðyrkju, bæði í grænmetis-, blóma- og trjárækt. Það er því full ástæða fyrir ræktendur að skoða nánar þessa íslensku og vistvænu mold.



Viltu fá Laufblaðið rafrænt?

Skógræktarfélag Íslands vill brydda upp á nýjung í útgáfustarfseminni og bjóða þeim félagsmönnum sem það vilja að fá Laufblaðið sent rafrænt. Í stað hefðbundins blaðs inn um bréfalúguna yrði blaðið sent sem pdf-skjal með tölvupósti. Er þetta fyrirkomulag hugsað til að draga aðeins úr því flóði pappírs sem kemur inn á meðalheimili og til að koma til móts við þann stækkandi hóp fólks sem notar tölvuna til að lesa blöð og greinar.

Ef þú hefur áhuga á að fá Laufblaðið á rafrænu formi í stað pappírs þá sendu beiðni um það á netfangið skog@skog.is eða hringdu í síma 551-8150.


gróðurmold
garðyrkjumannsins

flúðamold

100% íslensk ræktunarmold, lífræn

Úrvalsmold
fyrir alla ræktun

- Umpottun á stofublómum
- Í útikerið og svalakassann
- Í garðinn og gróðurhúsið
- Uppeldi á sumarblómum og grænmeti



Flúðamold er framleidd úr íslenskri mólmold, myltum sveppamassa og Hekluvikri.

Eftirtaldir aðilar hafa styrkt Skógræktarfélag Íslands

Reykjavík

Ásbjörn Ólafsson ehf, Skútuvogi 11a
 Bílasmiðurinn hf, Bíldshöfða 16
 Boreal ehf - Ferðapjónusta,
 Austurbergi 18
 Bókhaldspjónusta Gunnars M sf,
 Ármúla 29
 Brim hf, Bræðraborgarstíg 16
 Dynjandi ehf, Skeifunni 3h
 E.T. ehf, Klettagörðum 11
 Efling stéttarfélag, Sætúni 1
 Endurvinnslan hf, Knarrarvogi 4
 Fiskmarkaðurinn ehf, Aðalstræti 12
 Garðmenn ehf, Skipasundi 83
 Garðyrkjunpjónustan ehf,
 Skipholti 29b
 Gestamóttakan ehf - Your
 Host in Iceland, Þingholtsstræti 6
 Gjögur hf, Kringlunni 7
 Gullsmiðurinn í Mjódd,
 Álfabakka 14b
 Háskóli Íslands, við Suðurgötu
 HGK ehf, Laugavegi 13
 Hilmar D. Ólafsson ehf, Eldshöfða 14
 Hvíta húsið hf,
 auglýsingastofa, Brautarholti 8
 Kjaran ehf, Síðumúla 12-14
 KOM almannatengsl,
 Borgartúni 20
 Landslag ehf, Skólavörðustíg 11
 Landsnet hf, Gylfaflöt 9
 Lífstykkiabúðin ehf, Laugavegi 82
 Loftstokkahreinsun.is símar: 567
 0884, 893 3397, Garðhúsum 6
 Nexus afþreying ehf, Hverfisgötu 103
 Oddgeir Gylfason,
 tannlæknir og læknir, Vínlandsleið 16
 Prentsmiðjan Oddi hf, Höfðabakka 7
 Rafstilling ehf, Dugguvogi 23
 Raftíðni ehf, Grandagarði 16
 Redken hárvörur, Kringlunni 7
 Reykjavrent ehf, Síðumúla 14, 2. hæð
 Reykjavíkurborg/ Umhverfis- og
 samgöngusvið, Ráðhúsinu
 Rolf Johansen & Co ehf, Skútuvogi 10a
 Samiðn, Borgartúni 30
 Samtök starfsmanna
 fjármálafyrirtækja, SSF,
 Nethyl 2e
 Skalli við Vesturlandsveg, Grjóthálsi 8
 Skúlason og Jónsson ehf, Skútuvogi 6
 Slökkvilið
 höfuðborgarsvæðisins bs,
 Skógarhlíð 14
 Stepp ehf, Ármúla 32
 T. ark Teiknistofan ehf, Brautarholti 6
 Tannréttingar sf, Snorrabraut 29
 Túnþökupjónustan ehf
 sími: 897 6651, Lindarvaði 2
 V.R., Kringlunni 7
 Vélaverkstæðið Kistufell ehf,

Tangarhöfða 13

Þ Þorgrímsson og Co ehf, Ármúla 29

Kópavogur

Bílapvottastöðin Löður ehf, Bæjarlind 2
 dk hugbúnaður ehf., www.dk.is,
 Hlíðasmára 17
 Einar Beinteins ehf -
 Dúklagningameistari, Grófarsmára 8
 Íslandsspil sf, Smiðjuvegi 11a
 Kambur ehf., kamburehf@simnet.is,
 Geirlandi v/Suðurlandsveg
 Kópavogsbær, Fannborg 2
 MHG verslun, Akralind 4
 Rafmiðlun hf, Ögurhvarfi 8
 Toyota á Íslandi hf, Nýbýlavegi 4-8
 Valdberg ehf, Smiðjuvegi 36
 Vetrarsól, Askalind 4

Garðabær

Engilbert ÓH Snorrason
 tannlæknastofa sf, Garðatorgi 3
 Fagval ehf, Smiðsbúð 4
 Garðyrkjustjóri Garðabæjar, Garðatorgi 7
 Manus ehf, Smiðsbúð 7
 Miklartorg hf, Kaupþúni 4
 Raftækniþjónusta Trausta ehf,
 Lyngási 14
 Suðurtún ehf, Súlunesi 12
 Öryggisgirðingar ehf, Suðurhrauni 2

Hafnarfjörður

Aflbinding ehf, Lónsbraut 6
 Fura málmendurvinnslan ehf,
 Hringhellu 3
 Hlaðbær-Colas hf,
 malbikunarstöð, Gullhellu 1
 Hvalur hf Hafnarfirði
 Rafrún ehf, Gjótuhrauni 8
 Raftaki ehf, Efstuhlíð 4
 RST Net ehf, Álfhellu 6
 Verkalýðsfélagið Hlíf, Reykjavíkurvegi 64

Reykjanesbær

Nesprýði ehf, Vesturbraut 10-12
 Reykjanesbær, Tjarnargötu 12
 Verslunarmannafélag
 Suðurnesja, Vatnsnesvegi 14

Grindavík

Einhamar Seafood ehf, Verbraut 3a
 Þorbjörn hf, Hafnargötu 12

Mosfellsbær

Glertækni ehf, Völuteigi 21
 Kjósarhreppur www.kjos.is,
 Ásgarði
 Vélsmiðjan Orri ehf, Flugumýri 10

Akranes

Akraneskaupstaður, Stillholti 16-18
 GT Tækni ehf, Grundartanga
 Skógræktarfélag Akraness,

Furugrund 28

Skógræktarfélag
 Skilmannahrepps, Furugrund 28
 Straumnes ehf, rafverktakar,
 Krókatúni 22-24

Borgarnes

Kaupfélag Borgfirðinga, Egilsholti 1
 Laugaland hf, Laugalandi
 Skorradalshreppur, Grund
 Sæmundur Sigmundsson ehf,
 Brákarey

Stykkishólmur

Málflutningsstofa Snæfells-
 ness ehf, Aðalgötu 2
 Þ.B. Borg ehf, Silfurgötu 36

Ólafsvík

Útgerðarfélagið Guðmundur ehf,
 Brautarholti 18

Hellissandur

Sjávariðjan Rífi hf, Hafnargötu 8
 Skógræktar- og
 landverndarfélag undir Jökli, Hraunási 1

Ísafjörður

Ferðapjónustan í Heydal,
 Mjóafirði
 Félag opinberra starfsmanna á
 Vestfjörðum, Aðalstræti 24
 Kjölur ehf, Urðarvegi 37
 KNH ehf, Grænagarði
 Skógræktarfélag Ísafjarðar,
 Seljalandsvegi 38

Bolungarvík

Bolungarvíkurkaupstaður,
 Aðalstræti 12
 Náttúrustofa Vestfjarða, Aðalstræti 21

Súðavík

Súðavíkurhreppur, Grundarstræti 3

Suðureyri

Klofningur ehf, Aðalgötu 59

Patreksfjörður

Oddi hf, fiskverkun, Eyrargötu 1
 Skógræktarfélag Patreksfjarðar,
 Sigtúni 7
 Vesturbyggð, Aðalstræti 63

Þingeyri

Skjólaskógar á Vestfjörðum,
 Aðalstræti 12

Kjörvogur

Hótel Djúpavík ehf, Arneshreppi

Hvammstangi

Húnaþing vestra,
 Hvammstangabraut 5



Aðalsteinn Sigurðsson leggur út af grein Freysteins – Sess skógræktar á Íslandi – úr Skógræktarritinu árið 2000 (Mynd: RF).

Leiðrétting á mynd

Í síðast tölublaði Laufblaðsins prentaðist mynd við grein um Freysteinsvöku á bls. 12 ekki rétt. Við biðjumst forláts á því og fylgir hér myndin eins og hún á að vera.



Brunarústir Sumargerðis. Sjá má greniplöntur í baksýn, sem Rannsóknastofnun skógræktar á Mógilsá gaf félaginu og hafa vaxið vel, eftir smá hægagang í byrjun (Mynd: Sk. Mosfellsbæjar).

ursetja töluvert í lendur í nágrenninu í landi Þormóðsdals og á fyrstu árum Landgræðsluskógaverkefnisins upp úr 1990 kom húsið sér vel. Einnig höfðu skátar í Mosfellsbæ aðstöðu í Sumargerði um tíma og var vinsælt hjá ungmennum að gista í því, en skátarnir kölluðu húsið reyndar Hroll. Þær gistingar lögðust reyndar af fyrir nokkrum árum, því húsið var farið að fúna og reyndist lyktin sem því fylgir hvorki vinsæl meðal ungskáta né foreldra þeirra. Viðræður um endurnýjun lóðasamnings við Landbúnaðarháskóla Íslands („arftaka“ Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins) hafa staðið yfir um nokkurn tíma en eru ekki frágengnar. Einnig voru í gangi umræður um endurbyggingu hússins, sem ekki voru til lykta leiddar er húsið brann. Það var lán í óláni fyrir Skógræktarfélagið að Sumargerði var tryggt, þannig að einhverjar peningalegar bætur fást sem nota má í uppbyggingu á aðstöðu félagsins. Nær aldarfjórðungs sögu og tengsl við húsið er hins vegar erfitt að bæta upp.

Skógræktarfélag víða um land eiga sín aðstöðuhús, mismunandi að aldri, gerð og stærð. Hefur uppbygging slíkrar aðstöðu iðulega verið meðal stærri verkefna viðkomandi félags, þótt húsin séu sjaldnast stór, enda samt um töluverða fjárfestingu að ræða og félögin oft að vinna að skógrækt

Sumarhús Skógræktarfélags Mosfellsbæjar brennur

Aðfaranótt 10. febrúar brann Sumargerði, sumarhús Skógræktarfélags Mosfellsbæjaar við Hafravatn, til grunna og er talið að kveikt hafi verið í því. Félagið keypti húsið árið 1986, sem þá var í góðu standi og vel við haldið. Var þetta hugsað sem hluti af því að víkka starfsemi Skógræktarfélagsins út til fleiri staða innan sveitarfélagsins. Sumargerði var mikið notað í gegnum tíðina. Félagið fékk heimild hjá Rannsóknarstofnun landbúnaðarins til að gróð-

við kröpp kjör. Skógræktarfélagin byggja að mestu á sjálfbodaliðastarfi og liggja því í allri aðstöðu skógræktarfélaganna ómældar vinnustundir ósérhlífina handa. Það er því sérlega dapurlegt til þess að hugsa að einhverjir einstaklingar finni hjá sér þörf fyrir að eyðileggja svona eigur annarra og skemma fyrir ára- eða áratugalöngu hugsjónastarfi samborgara sinna.

Girðingaeefni í miklu úrvali!

Hafðu samband við sölumenn okkar og fáðu ráðleggingar ogleða tilboð í stærri verk



TRADY skrautnet
Plasthúðað og
galvanhúðað
skrautnet í garðinn
í miklu úrvali



Rörahlið, stækkanleg frá 1 upp í 4 metra,
einnig fánleg í föstum stærðum:
120, 240, 360 og 420 cm löng

STAURAR - YDDAÐIR
Yddaðir, gagnvarðir, tréstaurar,
150cm, fást í 3 þykktum:
50mm/150 sm langir
60mm/180sm langir
70mm/180 sm langir



LÍFLAND

Lynghálsi 3 • Sími: 540 1125
Lónsbakka Akureyri • Sími: 540 1150
www.lifland.is



Blóðrifs við Freyjugötu í blóma – sérlega lísterk og falleg blóm (Mynd: RF).

Reykjavík (1903) sem Einar Helgason rak við suðurendann á Laufásvegi flýtti mjög fyrir aukinni garðrækt en þar voru bæði á boðstólum tré sem ræktuð voru í stöðinni og innflutt tré. Á sama tíma var sett af stað trjáræktarstöð við Rauðavatn og allmikið af trjám af ýmsum tegundum plantað í brekkunni austur af vatninu og lifa sum þeirra enn. Gróðrarstöðin í Laugardal var svo stofnsett 1932 en þar var framleitt mikið af plöntum og er enn að finna í Grasagarðinum nokkuð af trjám frá þessum fyrsta tíma, sum hver af tegundum sem eru ekki annars staðar í borginni. Í Grasagarðinum er til dæmis falleg gráösp og stórt kóreugreni. Um það leyti sem farið var að gróðursetja fyrstu trén var Reykjavík lítill bær (tæplega 7000 íbúar árið 1900) samanborið við Reykjavík dagsins í dag með um 118.000 íbúa og rúmlega 200.000 á höfuðborgarsvæðinu öllu.

Tré frá fyrstu tímum trjáræktarinnar sem enn lifa eru ekki ýkja mörg en þeim mun merkilegri. Flest eru þetta lauftré, sérstaklega garðahlynur, álmur, silfurreynir og gráreynir en einnig fáein beykitré, askar og hestakastaníur. Hestakastanían við Skeggjagötu er merkilegt tré enda hefur hún blómstrað mikið síðustu ár. Víðitegundirnar gljávíðir, þingvíðir og vesturbæjarvíðir eiga sér hér einnig fulltrúa. Gullregn er víða að finna í borginni en aðeins eru til fá tré frá því fyrir miðja síðustu öld. Af barrtrjám eru það helst fáein evrópulerki sem eru falleg og svipmikil frá fyrri hluta 20. aldar, en þess má til gamans geta að lerkitré voru meðal annars kölluð



Ein stærstu og hæstu trén í Reykjavík í Ártúnsbrekku.

Merkileg tré í Reykja

Í Reykjavík er nokkuð mikið af gömlum trjám sem setja svip á borgina. Trén eiga sér sum hver merkilega sögu og vitna um breytinguna frá litlu bæjarfélagi í borg. Í borginni eru til tré sem voru gróðursett á árunum 1884-1886, t.d. hlynur í garði Þorvaldar Thoroddsen við Laufásveg. Þá má nefna silfurreyninn og gljávíðinn sem prýða garð Hressingarskálans við Austurstræti, sem og silfurreyni í fógetagarðinum við Aðalstræti. Trén hafa mikið verndargildi og vegna þess hafa verið all lengi í gildi reglur í borginni um fellingu trjáa en óheimilt er að fella tré sem eru hærri en 8 m eða eldri en 60 ára, nema með leyfi. Þessar reglur eru því miður ekki alltaf virtar. Til að koma í veg fyrir að merkileg tré séu felld þarf að skrá trén sem merkilegust

þykja og koma upplýsingum þar um á framfæri jafnt til eiganda, borgaryfirvalda og hins almenna borgara.

Trjárækt hefur verið stunduð í Reykjavík svo einhverju nemur frá því skömmu fyrir lok 19. aldar. Fyrir þann tíma er aðeins vitað um örfá tilfelli tilrauna til trjáræktar, t.d. í Viðey og við Innréttingarnar í miðborg Reykjavíkur, en árangur þeirra tilrauna var hvorki mikill né varanlegur. Trjárækt óx svo smám saman fiskur um hrygg og var orðið töluvert um fallega trjá- og blómagarða í miðborginni snemma á 20. öld. Stofnun Garðyrkjufélags Íslands 1885 mun hafa verið afar mikilvæg til að auka áhuga á ræktun, líkt og stofnun Skógræktarfélags Íslands 1930.

Stofnun gróðrarstöðvarinnar í

lævirkjatré áður. Merkilegar skógarfurur eru í Elliðaárhólmanum og þar er einnig að finna stærstu stafafurur og rauðgreni borgarinnar. Af merkilegum reynitrjám má nefna ilmreyninn í garði leikskólans Njálshólar og það mun vera eitt stærsta reynitré landsins og við Njálsgötu stendur svo silfurreynir sem setur mikinn svip á götumyndina. Ofar við Njálsgötu er svo að finna stóran ask sem hefur borið fræ undanfarin ár. Við Rauðavatn eru svo berg- og fjallafurur. Einnig eru til allnokkur reynitré og birki af íslenskum uppruna frá þessari fyrstu tíð. Birkið og reynirinn eru þó fremur skammlíf tré þannig að mörg þeirra hafa fallið og hið sama er að segja um hegg en af honum eru nú aðeins fáein gömul tré á lífi. Ávaxtatré eru heldur fá en þó þekkjast

áratuga gömul kirsuberjatré. Einnig mætti telja til blóðrifs við Freyjugötu. Síðast en ekki síst má finna stórt og stæðilegt eikartré við Háagerði.

Eftir því sem borgin stækkaði var farið að rækta tré víða í borgarlandinu en vaxtarskilyrði eru afar misjöfn. Í Vesturbænum eiga tré erfitt uppdráttar vegna hvassrar norðanáttar, saltroks og skjólleysis en hinsvegar vorar þar snemma og fyrstu frost á haustin koma þar síðar en annars staðar í borginni og mikið frost er fátítt. Tré ná þar sjaldan að vaxa upp fyrir húspökin vegna norðanbylja, en nema þess í stað við húspökin. Í austurborginni er mun skjólsælla og tré ná þar meiri vexti, sumarhiti er hærri en frost meira á vetrum. Í Elliðaárdalnum er mældur hæstur sumarhiti á landinu öllu við



unni (Mynd: RF).



Greinarhöfundur við beykitré við Miðbæjarskólann (Mynd: RF).

avík

veðurathugunarstöðina hjá Rafstöðinni. Það kemur því ekki á óvart að þar sé að finna hæstu tré í borginni í Sveinbjarnargarði í Ártúnsbrekkunni. Hæsta tréð þar mun vera yfir 22 m á hæð og er það sitkagreni.

Lítið hefur verið skrifað um gömlu trén í Reykjavík og er ekki til neitt heildaryfirlit yfir þau. Vernd trjánna byggir að miklu leyti á því að til séu upplýsingar um þau. Það væri höfundurinn því kærkomið að fá ábendingar um sjaldgæf eða merkileg tré frá lesendum. Sendið ábendingar til Einars Ó. Þorleifssonar (einarthor63@gmail.com) eða til skog@skog.is.



Hestakastanía að springa út að vori (Mynd: RF).

Aðalfundir skógræktarfélaga

Mörg skógræktarfélög halda aðalfundi síðla vetrar, enda er þá vorið á næsta leyti og ræktunarfólk byrjað að klæja í puttana eftir að koma höndum á skóflur og plöntustafi og halda til móa og skógar með plöntur til gróðursetningar og áburð til dreifingar og því upplagt að fara yfir starf liðins árs og horfa fram til verka næsta ræktunartímabils. Aðalfundir gegna mikilvægu hlutverki í starfi félaganna – þar gefst tækifæri til umræðna um hin ýmsu mál sem brenna á félögunum, þar er góður vettvangur fyrir hinn almenna félagsmann að fylgjast með því sem á baugi er, hitta annað ræktunarfólk og að sjálfsögðu er þar valið fólk til forystu félagsins, en miklu máli skiptir auðvitað að vandað sé til valsins. Auk þess er iðulega í boði áhugaverður fyrirlestur um hin ýmsu mál er tengjast skógrækt. Það eru því margar góðar ástæður fyrir hinn almenna félagsmann að mæta á aðalfund og eru allir meðlimir skógræktarfélaga hvattir til að vera duglegir að mæta á fundi síns félags og taka þannig þátt í félagsstarfinu!

Jónatan Garðarsson, formaður Skógræktarfélags Hafnarfjarðar, fer yfir málin á aðalfundi félagsins þann 18. mars (Mynd: RF).



Fræðsluferð til Færeyja í haust

Skógræktarfélag Íslands hefur um margra ára skeið staðið fyrir kynnis- og fræðsluferðum til annarra landa, til að skoða skóga, náttúru og annað markvert. Í ár er ferð til Færeyja á dagskránni og er um fimm daga ferð (mánudag – föstudag) að ræða, dagana 30. ágúst til 3. september. Í ferðinni verða skoðaðir skógarreitir af ýmsum aldri og garðar, auk sögustaða, mannlífs og falletgrar náttúru Færeyja.

Flogið verður síðdegis þann 30. ágúst til Þórshafnar. Daginn eftir verður farin skoðunarferð um Norður-Straumey, Austurey og Norðureyjar, þar sem meðal annars verða skoðaðir skógarreitir og séð til hæsta fjalls Færeyja. Þann 1. september er áætlað að taka ferju til Suðureyjar, þar sem skoðaðir verða skógarreitir, garðar, náttúra og sögustaðir. Fimmtu-

daginn 2. september er röðin komin að Þórshöfn og nágrenni og flogið verður heim til Íslands föstudagsmorguninn 3. september.

Fyrir þá sem vilja skoða sig um meira á eigin vegum í eyjunum, er möguleiki á að fljúga heim mánudaginn 6. september.

Verð ferðar er um 150.000 kr. fyrir félagsmenn. Endanlegt verð verður auglýst síðar, um leið og það liggur fyrir.

Hægt er að skrá sig á áhugalista fyrir ferðina í síma 551-8150 eða á netfanginu skog@skog.is. Um leið og verð- og bókunarpplýsingar liggja fyrir verður haft samband varðandi endanlega bókun í ferðina. Einnig verða þær upplýsingar svo settar á heimasíðu Skógræktarfélagsins – www.skog.is – í kjölfarið.



Norskur mjöður smakkaður í síðustu fræðsluferð. Hver veit nema Færeyingar bjóði upp á grindhval í haust! (Mynd: RF).

Það er gert ýmislegt fleira en að skoða tré í fræðsluferðum Skógræktarfélagsins – hér er hin finasta þrautabraut í norskum skógi prófuð, í ferð haustið 2009 (Mynd: BJ).

Eftirtaldir aðilar hafa styrkt Skógræktarfélag Íslands

Blönduós

Gullregn - garðplöntustöð, Auðkúlu 1

Skagaströnd

Sveitarfélagið Skagaströnd,
Túnbraut 1-3

Sauðárkrúkur

Kaupfélag Skagfirðinga, Ártorgi 1
K-Tak ehf, Borgartúni 1
Leiðbeiningamiðstöðin, Aðalgötu 21
Skagafjarðarveitur ehf;
www.skv.is, Borgarteigi 15
Sveitarfélagið
Skagafjörður - Ráðhús, Faxatorgi 1

Varmahlíð

Akrahreppur Skagafirði,

Siglufjörður

Skógræktarfélag Siglufjarðar,
Hafnartúni 2

Akureyri

Ísgát ehf, Lónsbakka
Kartöflusalán ehf, Fjölningötu 2b
Kjarnafæði hf, Fjölningötu 1b
Raftákn ehf, Glerárgötu 34
Skógræktarfélag Eyfirðinga, Kjarnaskógi
Toyota Akureyri, Baldursnesi 1

Dalvík

Promens Dalvík ehf, Gunnarsbraut 12

Ólafsfjörður

Árni Helgason ehf, Hlíðarvegi 54

Laugar

Framhaldsskólinn á Laugum,
Laugum Reykjadal
Gistiheimilið Stóru-Laugar,
sími 464-2990, Stóru-Laugum

Mývatn

Eldá ehf, Helluhrauni 15
Jarðböðin við Mývatn,
Jarðbaðshólum

Egilsstaðir

Austfjarðaflutningar ehf,
Kelduskógum 19
Dagskráin Austurlandi, Miðvangi 1
Fljótsdalshérað, Lyngási 12
Héraðsskjalasafn Austfirðinga,
Laufskógum 1
Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf,
Einhleypingi 1

Seyðisfjörður

Seyðisfjarðarkaupstaður,
Hafnargötu 44

Reyðarfjörður

Tærgesen ehf, Búðargötu 4

Eskifjörður

Fjarðarpríf ehf, Kirkjustíg 2
Skógræktarfélag Eskifjarðar,
Lambeyrarbraut 6

Neskaupstaður

AFL - Starfsgreinafélag
Austurlands, Miðvangi 2-4
Síldarvinnslan hf, útgerð, Hafnarbraut 6
Tónspil ehf, Hafnarbraut 22

Djúpivogur

Kvennasmiðjan ehf, Búð 1

Höfn í Hornafirði

Þrastarhóll ehf, Kirkjubraut 10

Selfoss

Bakkaverk ehf, Dverghólum 20
Búnaðarfélag Bláskógarbyggðar,
Dalbraut 1
Búnaðarfélag Grafningshrepps,
Villingavatni
Búnaðarsamband Suðurlands,
Austurvegi 1

Grímsneshreppur og

Grafningshreppur,

Stjórnsýsluhúsinu Borg

Halli parket ehf, Norðurgötu 15

Hitaveita Frambæja, Skarði

Jóhann Helgi og Co ehf, Vatnsholti 2

Pípulagnir Helga ehf, Baugstjörn 17

S. G. Hús hf, Austurvegi 69

Ölur, skógræktarstöð, Sólheimum

Grímsnesi

Hveragerði

Ficus ehf, Bröttuhlíð 2

Garðyrkjustöð Ingibjargar,

Heiðmörk 38

Heilsustofnun NLFÍ Hveragerði

www.hnlf.is, Grænumörk 10

Hvolsvöllur

Steinasteinn ehf, Ormsvöllum 1

Kirkjubæjarklaustur

Skaftárhreppur, Klausturvegi 15

Skógræktarfélagið Mörk,

Kirkjubæjarklaustri, Klausturvegi 2



Fullkomnasta skógarplöntustöð landsins!



Barri
Skógræktarstöð

Barri hf rekur fullkomnustu skógarplöntustöð á Íslandi að Valgerðarstöðum 4 í nágrenni Egilsstaða.

Barri er leiðandi fyrirtæki í innleiðingu nýjunga á sviði skógarplönturæktunar og hefur byggt sérhannaða kæli- og frystigeymslu fyrir skógarplöntur.

Til sölu verða í vor ýmsar tegundir skógarplantna bæði í pappakössum af frysti og bökkum með plöntun yfirvetruðum á hefðbundinn hátt.

Barri hf. rekur Gróðrarstöðina á Tumastöðum í Fljótshlíð.

Á Tumastöðum verða til sölu flestar tegundir skógarplantna og pottaplöntur sem eru ræktaðar hjá fyrirtækinu.

Barri selur og sendir skógarplöntur um allt Ísland auk Færeyja og Grænlands.

Ræktunargeta Barra er allt að 130 þúsund fjölpottabakkar á ári.

www.barri.is • barri@barri.is



Sléttað var undir húsið og settur þunnur malarpúði. Burðarsúlur voru sóttar til Strandamanna, sem fengu væna sendingu af saltmarineruðu lerki frá vinum okkar Rússum (Mynd: RF).



Þaksperrur sóttar á Fossá sem er rétt utan við Brynjudal og tæknina en að hún sé vinnuskapandi (Mynd: EG).

Skógarskáli í Brynjudal

Atvinnu, - aðstöðu, - og nýsköpun í skógi

Skógræktarfélag Íslands hafði frumkvæði að því að hrinda af stað atvinnuáttaksverkefni þegar sú óvenjulega staða kom upp í kjölfar hruns að þúsundir manna stóðu uppi atvinnulausir. Einn liður í því var að ráða og þjálfa upp fjögurra manna grisjunarflokk. Meðal verkefna grisjunarmanna var að afla hráefnis í skógarskála í Brynjudal, sníða efnið til og reisa skálann. Skálinn er hringlaga, grunnflötur hans er um 100 m², og er hönnun hans sótt til frumbyggja í barrskógum á norðurhveli jarðar. Guðjón S. Kristinsson, oft kenndur við Dranga

á Ströndum, var yfirsmiður og helsti hönnuður en staðarsmiður var samstarfsmaður hans, Guðmundur Heimir Sveinbjörnsson. Ekki tókst að ljúka verkinu, m.a. vegna þess að stuðningur ríkisins við atvinnuáttaksverkefnið var lagður á ís vegna Icesave og fjármuni vantar til að klára verkið sem að miklu leyti var kostað af sjóðum Skógræktarfélags Íslands.


Skálinn mun nýtast útivistarfólki sem sækir Brynjudal heim allan ársins hring. Ekki síst á aðventunni til að losna undan jólastressi og velja sér jólatré í dalnum fagra.



Þakið að taka á sig mynd (Mynd: EG).



Kominn tími á sperrugilli (Mynd: RF).



Innlit, útlit (Mynd: EG).



udalsvog. Ekki verður annað sagt um tækjabúnaðinn



Hannað og smíðað á staðnum með léttum handverkfærum (Mynd: RF).



Horft til himins gegnum rjáfur (Mynd: RF).



Að endingu fékkst þessi einfalda en hjála flettisög leigð af Skógræktarfélagi Eyfirðinga og var hún notuð til að fletta niður í þakskífur (Mynd: RF).

Rjúpur eru tíðir gestir í skógum skógræktarfélaganna, þótt þær teljist ekki hefðbundnir skógarfuglar. Hér eru tvær að rabba um daginn og veginn í skógar göngu (Mynd: EG).



SKREF FYRIR SKREF

1				B	E	R	G	F	U	R	A	
2		R	A	U	Đ	G	R	E	N	I		
3					B	L	Á	G	R	E	N	I
4						S	E	L	J	A		
5					G	U	L	V	Í	Đ	I	R
6	S	T	A	F	A	F	U	R	A			
7				L	I	N	D	I	F	U	R	A




GRÁELRI


		O				
	R	O				
	T	O	R			
R	O	T	A			
J	O	T	A	R		
L	J	O	T	A	R	
J	O	L	A	T	R	E

Algengt í desember

Sjáðu myndina!



ORDALEIT



Alaskaviðir
Alaskaösp
Bergfura
Blágreni
Blæðösp
Erópulerki
Fjallaþinur
Gráelri
Gulviðir
Hvítgreni
Ilmbjörk
Jörfavíðir
Lindifura
Loðviðir
Rauðgreni
Reyniviður
Rýsalerki
Selja
Sitkaelri
Sitkagreni
Skógarfura
Stafafura
Viðja

Eftirtaldir hafa styrkt Skógræktarfélag Íslands



Brúarlandi 2 - 310 Borgarnesi



Hafnarbergi 1



Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI



LANDGRÆÐSLA
RÍKISINS




GÆÐAMOLD



HS ORKA HF



Barnahornið



Krakkar!

Hjálpíð skógarbirninum að rata að pökkunum.



Allt fyrir vorverkin í Blómavali um land allt

Núna er daginn tekið að lengja og núna styttest í það að hægt sé að njóta góðra stunda í garðinum. Með hækkandi sól fer að koma að því að við förum að sinna vorverkunum, huga að því sem á að setja niður og undirbúa garðinn fyrir sumarið þannig að hann verði enn betri á komandi sumri.

Þú finnur allt sem þarf fyrir vorverkin í garðinum hjá okkur: Lauka, fræ, plöntur, áhöldin og góð ráð fagmanna.

Verið velkomin í Blómaval um land allt.




blómaval
heillandi heimur

Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Dalvík
Egilsstaðir - Selfoss - Reykjanesbær - Akranes